



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA

**23. ársþing SSNV, haldið í Félagsheimilinu á
Blönduósi, 16. október 2015**

FUNDARGERÐ



**Davíð Jóhannsson
Ingibergur Guðmundsson**



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Þingsetning	3
Tillaga að starfsmönnum fundarins	3
Tillaga um skipun kjörnefndar	3
Tillaga um þingnefndir og fundarboðendur þeirra	3
Starfsskýrslur, ársreikninga og fjárhagsáætlunir	3
Skýrsla stjórnar SSNV	3
Starfsskýrsla Menningarráðs Norðurlands vestra	3
Ársreikningar 2014	4
Fyrirspurnir og umræður um starfsskýrslur og ársreikninga	4
Tillögur og ályktanir lagðar fram	5
Ávörp gesta	5
Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga	5
Einar K. Guðfinnsson, alþingismaður Norðvesturkjördæmis og forseti Alþingis	5
Fyrirspurnir og umræður	6
Atvinnumál og byggðapróun	6
„Sóknarfæri Norðurlands.“ - Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri..	6
„Álver á Hafurstöðum í Skagabyggð.“ - Ingvar Skúlason, framkvæmdastjóri Klappa	
ehf.	6
Fyrirspurnir og umræður	6
Afgreiðsla nefndarálita, ársreikninga og fjárhagsáætlunar.	6
Fulltrúatal	6
Fjárhagsnefnd	7
Laganefnd	7
Allsherjarnefnd	8
Kosningar	9
Endurskoðunarnefnd SSNV - til eins árs:	9
Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra – til eins árs	9
Fagråd atvinnuþróunar og nýsköpunar Uppbyggingarsjóðs – til eins árs	9
Fagråd menningar Uppbyggingarsjóðs – til eins árs	10
Nefnd til að endurskoða menningarstefnu sveitarfélaga á Nl.v.	10
Starfshópur um endurskoðun samþykktar og þingskapa SSNV	10
Þingslit	10
VIÐAUKI 1 - Samþykktir og þingsköp SSNV	11
VIÐAUKI 2 – Starfsreglur nefnda	20
VIÐAUKI 3 – Ályktanir 23. ársþings SSNV 2015	25
VIÐAUKI 4 – Fjárhagsáætlun SSNV 2016	Error! Bookmark not defined.



Þingsetning

Adolf H. Berndsen, formaður stjórnar SSNV, setti þingið og bauð þingfulltrúa, þingmenn og aðra gesti velkomna. Tilnefndi hann Valgarð Hilmarsson sem 1. þingforseta og Önnu Margréti Sigurðardóttur sem 2. þingforseta. Var það samþykkt og tóku þau við fundarstjórn.

Tillaga að starfsmönnum fundarins

Þingforseti lagði fram tillögu að öðrum starfsmönnum þingsins:

Þingritarar: Davíð Jóhannsson og Ingibergur Guðmundsson, starfsmenn SSNV.

Varaþingritarar: Sólveig Olga Sigurðardóttir og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, starfsmenn SSNV.

Tillagan var samþykkt.

Tillaga um skipun kjörnefndar

Þingforseti lagði fram tillögu stjórnar um skipan kjörnefndar:

Bjarki Tryggvason, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður,

Margeir Friðriksson, Sveitarfélaginu Skagafirði,

Halldór G. Ólafsson, Sveitarfélaginu Skagaströnd,

Jóhanna Magnúsdóttir, Húnavatnshreppi,

Elín Jóna Rósinberg, Húnaþingi vestra.

Tillagan var samþykkt.

Tillaga um þingnefndir og fundarboðendur þeirra

Þingforseti óskaði eftir leyfi þingsins til að í stað Fjárhags- og laganefndar starfaði fjárhagsnefnd sér og laganefnd sér, vegna umfangsmikilla tillagna um breytingar á lögum og þingsköpum SSNV. Var það samþykkt. Því næst lagði hann fram tillögu um þingnefndir og fundarboðendur þeirra.

Fjárhagsnefnd: Guðný Hrund Karlsdóttir, Húnaþingi vestra, kallar nefndina saman.

Laganefnd: Magnús B. Jónsson, Sveitarfélaginu Skagaströnd, kallar nefndina saman.

Allsherjarnefnd: Sigríður Svavarsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, kallar nefndina saman.

Tillagan var samþykkt.

Starfsskýrslur, ársreikninga og fjárhagsáætlanir

Skýrsla stjórnar SSNV

Formaður stjórnar SSNV, Adolf H. Berndsen, flutti skýrslu SSNV fyrir árið 2014. Hann vísaði til greinargerðar í prentaðri ársskýrslu SSNV en dró fram nokkur áhersluatriði í máli sínu. Ávarp Adolfs er að finna á heimasíðu SSNV: <http://www.ssnv.is/is/um-ssnv/arstthing/23arstthing-2015>

Að lokum þakkaði Adolf samstarfsfólki sínu í stjórn fyrir gott samstarf og starfsfólki SSNV fyrir störf sín.

Starfsskýrsla Menningarráðs Norðurlands vestra

Formaður Menningarráðs Norðurlands vestra, Jóhanna Magnúsdóttir, greindi frá starfsemi menningarráðs fyrir árið 2014. Ávarp Jóhönnu er að finna á heimasíðu SSNV: <http://www.ssnv.is/is/um-ssnv/arstthing/23arstthing-2015>



Ársreikningar 2014

Kristján Jónasson, KPMG, fór yfir ársreikninga SSNV, SSNV atvinnuþróunar, Menningarráðs Norðurlands vestra, Vaxtarsamnings Norðurlands vestra og Byggðasamlags um málefni fatlaðra fyrir árið 2014:

Ársreikningur SSNV: Rekstrartekjur voru rúmar 77 m.kr., rekstrargjöld 84,5 m.kr. og fjármunatekjur 1,6 m.kr. Tap varð því á rekstri að upphæð tæpar 5,8 m.kr. Eigið fé í árslok nam rúmum 52,2 m.kr.

Ársreikningur SSNV atvinnuþróunar: Rekstrartekjur voru rúmar 39,2 m.kr., rekstrargjöld tæpar 46 m.kr. og fjármunatekjur 1,2 m.kr. Tap varð því á rekstri að upphæð 5,5 m.kr. Eigið fé í árslok nam 33,6 m.kr.

Ársreikningur Menningarráðs Norðurlands vestra: Rekstrartekjur voru 38,1 m.kr., rekstrargjöld tæpar 37,9 m.kr. og fjármunatekjur 450 þ.kr. Hagnaður varð því á rekstri að upphæð 650 þ.kr. Eigið fé í árslok nam 4,7 m.kr.

Vaxtarsamningur Norðurlands vestra: Rekstrartekjur voru rúmar 53,5 m.kr., rekstrargjöld 59,9 m.kr. og fjármunatekjur 740 þ.kr. Tap varð því á rekstri að upphæð 5,6 m.kr. Eigið fé í árslok var neikvætt um 14,5 m.kr.

SFNV málefni fatlaðra: Þar sem Byggðasamlagið Rætur tók við rekstri málefna fatlaðra í ársbyrjun 2014 þá var enginn rekstur hjá SFNV málefni fatlaðra á því ári. Eigið fé í árslok nam 65,2 m.kr.

Ársreikningarnir eru aðgengilegir í heild sinni í ársskýrslu SSNV á heimasíðu SSNV.

Fyrirspurnir og umræður um starfsskýrslur og ársreikninga.

Til máls tóku: Þorleifur Ingvarsson bar fram eftirfarandi tillögu og lagði til að henni yrði vísað til stjórnar samtakanna:

„Árþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015 felur stjórn sambandsins að undirbúa stofnun fulltrúaráðs sem skipað verði fulltrúum frá öllum sveitarfélögum sem aðild eiga að SSNV.

Hlutverk ráðsins er

- *Að vera stjórn SSNV til ráðgjafar í veigamiklum málum.*
- *Tryggja lýðræðislega aðkomu allra sveitarfélaga á starfssvæði SSNV*
- *Auka tengsl og upplýsingagjöf milli SSNV og aðildarsveitarfélaganna.*
-

Greinargerð:

Hlutverk landshlutasamtaka í stjórnsýslu landsins hefur aukist verulega á undanförunum árum. Þannig hafa stöðugt fleiri verkefni færst til landshlutasamtaka og ríkisvaldið hefur í æ ríkari mæli samskipti við landshlutasamtök, sem áður voru við sveitarfélögin. Má jafnvel halda því fram að landshlutasamtök séu í raun orðin þriðja stjórnsýslustigið í landinu.

Á starfssvæði SSNV eru nú sjö sveitarfélög þannig að ekki eiga öll sveitarfélögin fulltrúa í stjórn sambandsins. Þau sveitarfélög sem ekki eiga fulltrúa í stjórn eru þannig í mun verri stöðu hvað varðar áhrif og upplýsingar um starfsemi sambandsins, einnig hafa framboð sem eru í minnihluta í sveitarstjórnunum litla aðkomu að stjórnun SSNV.

Samkvæmt gildandi samþykktum er árþing SSNV eina formlega tækifæri aðildarsveitarfélaganna til að móta starf og stefnu sambandsins, en með fulltrúaráði sem í



sætu 15 til 20 fulltrúar sveitarfélaganna yrði til samstarfsvettvangur milli stjórnar SSNV og sveitarfélaganna, báðum aðilum til hagsbóta.“

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs. Þingforseti vísaði að svo búnu ofangreindri tillögu til laganefndar þingsins og ársreikningum til fjárhagsnefndar.

Kaffihlé

Tillögur og ályktanir lagðar fram

Fyrir þinginu lágu eftirfarandi ályktanir og tillögur stjórnar SSNV, ásamt drögum að fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2016. Höfðu þessi gögn verið send út með fundarboði og vísaði þingforseti þeim til viðkomandi nefnda.

1. *Fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2016*
2. *Ályktanir sem allar miða að eflingu byggða og bættum búsetuskilyrðum á Norðurlandi vestra*
3. *Tillaga um rafræna ársskýrslu SSNV*
4. *Tillaga um nefnd til að endurskoða menningarstefnu sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra*
5. *Tillaga um að leggja niður Menningarráð Norðurlands vestra*

Ekki bárust aðrar tillögur og hófust því nefndastörf kl. 10.30.

Kl. 12:15 var gert hádegishlé en fundarstörf hófust aftur kl. 13:00

Ávörp gesta

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga

Karl þakkaði fyrir að fá tækifæri til að ávarpa þingið og skilaði kveðjum frá formanni og starfsmönnum sambandsins. Hann studdist við glærur í ávarpi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV: <http://www.ssnv.is/is/um-ssnv/arsting/23arsting-2015>

Einar K. Guðfinnsson, alþingismaður Norðvesturkjördæmis og forseti Alþingis

Einar bað fyrir kveðju frá þeim þingmönnum kjördæmisins sem ekki áttu heimangengt.

Einar sagði í upphafi að þingmenn og sveitarstjórnarmenn væru samherjar og það væri nauðsynlegt að geta skýrt ýmis áhersluatriði úr fjárlögum á vettvangi árþinga landshlutasamtaka. Hann nefndi síðan að málefni fatlaðra myndu brenna á mörgum og yfirfærsla verkefna til sveitarfélaganna hefði reynst erfiðari en lagt var upp með.

Einar ítrekaði að hugsanleg uppbygging á Hafurstöðum yrði aðeins í sátt við íbúa og náttúru. Hann minnti á að þó það væri gömul stefna, sem ekki hefur breyst, að orkan úr Blöndu nýtist hér á svæðinu væri ekki tímabært að deila um útfærslur á þessari stundu og ekki mætti gleyma að mikil samkeppni væri um orkuna í landinu.

Hann kom inn á málefni Norðvesturnefndar og verið væri að vinna með framkomin mál í einstökum ráðuneytum. Hér myndi hátt hlutfall ríkisstarfa á NV skipta máli, hæpið væri að ríkisstofnanir verði fluttar í heild sinni út á land og því yrði að skoða aðra kosti. Ljósleiðaravæðing hefði verið lengi í umræðunni, sem væri nú orðin knýjandi, ljóst væri að áætlað 300 milljón króna framlag í fjárlögum til málaflokksins væri of lágt og þyrfti að skoða. Að lokum þakkaði Einar fyrir að fá það tækifæri að ávarpa þingið og árnaði þinginu velfarnaðar.



Fyrirspurnir og umræður

Til máls tóku: Elsa Lára Arnardóttir alþm. og Hörður Ríkharðsson alþm.

Atvinnumál og byggðapróun

„Sóknarfæri Norðurlands.“ - Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri

Þóroddur þakkaði fyrir boð um að flytja erindi á þinginu um byggðapróun. Hann studdist við glærur í ávarpi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV:

<http://www.ssnv.is/is/um-ssnv/arsting/23arsting-2015>

„Álver á Hafurstöðum í Skagabyggð.“ - Ingvar Skúlason, framkvæmdastjóri Klappa ehf.

Ingvar þakkaði fyrir boð um að fá að kynna verkefnið. Hann studdist við glærur í erindi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV:

<http://www.ssnv.is/is/um-ssnv/arsting/23arsting-2015>

Fyrirspurnir og umræður

Til máls tóku: Ásmundur Einar Daðason alþm., Lilja Rafney Magnúsdóttir alþm., Adolf H. Berndsen, Arnar Þór Sævarsson, Hörður Ríkharðsson alþm., Þóra Sverrisdóttir, Halldór G. Ólafsson og Hildur Þóra Magnúsdóttir. Svöruðu Þóroddur og Ingvar, ásamt Brynjari Bragason frá Eflu verkfræðistofu, máli þeirra og fyrirspurnum.

Kaffihlé

Afgreiðsla nefndarálita, ársreikninga og fjárhagsáætlunar.

Fulltrúatal

Bjarki Tryggvason, formaður kjörnefndar, fór yfir fulltrúatal fundarins. Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétt eiga 30 fulltrúar og af þeim eru 26 mættir. Mættir fulltrúar eru:

Nafn	Sveitarfélag	Aðal/vara
Agnar H. Gunnarsson	Akrahreppur	aðal
Drífa Árnadóttir	Akrahreppur	vara
Valgarður Hilmarsson	Blönduós bær	aðal
Hörður Ríkharðsson	Blönduós bær	aðal
Anna Margrét Sigurðardóttir	Blönduós bær	aðal
Oddný María Gunnarsdóttir	Blönduós bær	aðal
Þorleifur Ingvarsson	Húnavatnshreppur	aðal
Jóhanna Magnúsdóttir	Húnavatnshreppur	aðal
Þóra Sverrisdóttir	Húnavatnshreppur	aðal
Elín R. Línal	Húnaþing vestra	aðal
Elín Jóna Rósinberg	Húnaþing vestra	aðal
Unnur Valborg Hilmarsdóttir	Húnaþing vestra	aðal
Vignir Sveinsson	Skagabyggð	aðal



Dagný Rósa Úlfarsdóttir	Skagabyggð	aðal
Stefán Vagn Stefánsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Sigríður Magnúsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Bjarki Tryggvason	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Haraldur Þór Jóhannsson	Sv.fél. Skagafjörður	vara
Sigríður Svavarsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Gunnsteinn Björnsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Hildur Þóra Magnúsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	vara
Margeir Friðriksson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Adolf H. Berndsen	Sv.fél. Skagatrönd	aðal
Inga Rós Sævarsdóttir	Sv.fél. Skagatrönd	aðal
Halldór G. Ólafsson	Sv.fél. Skagatrönd	aðal

Fjárhagsnefnd

Guðný H. Karlsdóttir gerði grein fyrir tillögum Fjárhagsnefndar.

- a) *Fjárhagsnefnd leggur til að þingið samþykki ársreikninga SSNV, SSNV atvinnuþróunar, Bygðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra, Vaxtarsamnings Norðurlands vestra og Menningarráðs Norðurlands vestra, fyrir árið 2014.*

Fundarstjóri bar því næst upp hvern reikning fyrir sig og voru þeir allir samþykktir samhljóða.

- b) *Fjárhagsnefnd leggur til að þingið samþykki meðfylgjandi fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2016.*
Sjá Viðauka 4.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Laganefnd

Magnús B. Jónsson gerði grein fyrir tillögum Laganefndar.

- a) *Laganefnd leggur til að þingið samþykki meðfylgjandi Samþykktir og þingsköp SSNV.*
Sjá Viðauka 1.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

- b) *Laganefnd leggur til að þingið samþykki meðfylgjandi starfsreglur fyrir fastanefndir SSNV; Endurskoðunarnefnd, Kjörnefnd, Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra., Fagråd atvinnuþróunar og nýsköpunar og Fagråd menningar.*
Sjá Viðauka 2.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

- c) *23. ársþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015, felur stjórn sambandsins að undirbúa stofnun fulltrúaráðs sem skipað verði fulltrúum frá öllum sveitarfélögum sem aðild eiga að SSNV eða leita annarra sambærilegra lausna sem opni betur fyrir aðkomu sveitarstjórna að SSNV.*
Hlutverk ráðsins er

- *Að vera stjórn SSNV til ráðgjafar í veigamiklum málum.*
- *Tryggja lýðræðislega aðkomu allra sveitarfélaga á starfssvæði SSNV.*
- *Auka tengsl og upplýsingagjöf milli SSNV og aðildarsveitarfélaganna.*
- *Auka möguleika minnihluta í sveitarstjórnunum til þátttöku.*

Greinargerð:

Hlutverk landshlutasamtaka í stjórnsýslu landsins hefur aukist verulega á undanförunum árum. Þannig hafa stöðugt fleiri verkefni færst til landshlutasamtaka og ríkisvaldið hefur í æ ríkari mæli samskipti við landshlutasamtök, sem áður voru við sveitarfélögin. Má jafnvel halda því fram að landshlutasamtök séu í raun orðin þriðja stjórnsýslustigið í landinu.

Á starfssvæði SSNV eru nú sjö sveitarfélög þannig að ekki eiga öll sveitarfélögin fulltrúa í stjórn sambandsins. Þau sveitarfélög sem ekki eiga fulltrúa í stjórn eru þannig í mun verri stöðu hvað varðar áhrif og upplýsingar um starfsemi sambandsins, einnig hafa framboð sem eru í minnihluta í sveitarstjórnunum litla aðkomu að stjórnun SSNV.

Samkvæmt gildandi samþykktum er ársþing SSNV eina formlega tækifæri aðildarsveitarfélaganna til að móta starf og stefnu sambandsins, en með fulltrúaráði sem í sætu 15 til 20 fulltrúar sveitarfélaganna yrði til samstarfsvettvangur milli stjórnar SSNV og sveitarfélaganna, báðum aðilum til hagsbóta.

Samþykkt að vísa tillögunni til umfjöllunar í stjórn SSNV.

- d) *23. ársþing SSNV, haldið að Blönduósi 16. okt. 2015, samþykkir að skipa starfshóp til að yfirfara samþykktir og þingsköp samtakanna.*
Skipaðir verði þrír fulltrúar, einn fulltrúi úr hverri sýslu sem vinni með stjórn samtakanna að endurskoðun samþykpta og þingskapa. Starfshópurinn skili af sér fyrir ársþing samtakanna árið 2016.

Tillagan samþykkt með 12 atkv. gegn 2.

Allsherjarnefnd

Sigríður Svavarsdóttir gerði grein fyrir tillögum Allsherjarnefndar:

- a) *23. ársþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015, samþykkir eftirfarandi ályktanir sem allar miða að eflingu byggða og bættum búsetuskilyrðum á Norðurlandi vestra.*
Sjá Viðauka 3.

Ályktanirnar voru samþykktar samhljóða með fyrirvara um orðalagsbreytingar í breyttri tillögu um ferðaþjónustu og viðbótartillögu um aðkeypta akstursþjónustu, sem starfsmönnum og stjórn var falið að ganga frá.

Hildur Þóra Magnúsdóttir óskar bókað að hún sitji hjá vegna ályktunar um Atvinnumál.

- b) **Menningarráð Norðurlands vestra**

23. ársþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015, samþykkir að starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra verði lögð niður frá og með næstu áramótum, 2015/2016 og jafnframt falli úr gildi, frá sama tíma, skipan fulltrúa í ráðið.
Einnig falli úr gildi samþykktir fyrir Menningarráð Norðurlands vestra frá næstu áramótum.



Peir fjármunir sem kunna að vera eftir í sjóði menningarráðs um áramót færast yfir í menningarhluta Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra 2015-2019.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

c) **Endurskoðun menningarstefnu sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra**

23. ársþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015, samþykkir að skipa fimm manna nefnd til að endurskoða menningarstefnu sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra frá 26. ágúst 2011.

Nefndina skipi tveir fulltrúar sveitarfélaganna og þrír fulltrúar menningarstarfs á svæðinu. Starfsmaður SSNV er nefndinni til aðstoðar.

Við undirbúning tillagna sinna er nefndinni heimilt að boða til funda/málþings á svæðinu um menningarmál.

Nefndin ljúki störfum fyrir 1. sept. 2016 og skulu tillögur hennar lagðar fyrir ársþing SSNV það ár.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

d) **Rafræn ársskýrsla SSNV**

23. ársþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015, samþykkir að framvegis verði ársskýrsla samtakanna aðeins gefin út á rafrænu formi.

Á tímum tölvualdar, heimasíðna og síaukinna samskipta á rafrænu formi er ekki lengur talin þörf á prentaðri ársskýrslu. Ársskýrsla SSNV verður áfram gefin út en þá eingöngu á rafrænu formi. Hún er og verður öllum aðgengileg á heimasíðu samtakanna og því auðvelt fyrir þá sem vilja að nálgast hana þar.

Við þessa breytingu sparast nokkur kostnaður en einnig hefur þessi breyting jákvæð umhverfisleg áhrif.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Kosningar

Formaður kjörnefndar, Bjarki Tryggvason, gerði grein fyrir tillögum kjörnefndar um skipan í eftirtalin embætti:

Endurskoðunarnefnd SSNV - til eins árs:

Margeir Friðriksson, Sveitarfélagið Skagafjörður

Guðrún Ragnarsdóttir, Húnaþing vestra

Arnar Þór Sævarsson, Blönduós

Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra – til eins árs

Stefán Vagn Stefánsson, Sveitarfélagið Skagafjörður, formaður

Lárus Ægir Guðmundsson, Sveitarfélagið Skagaströnd

Ingileif Oddsdóttir, Sveitarfélagið Skagafjörður

Leó Örn Þorleifsson, Húnaþing vestra, formaður fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar

Jóhanna Magnúsdóttir, Húnavatnshreppur, formaður fagráðs menningar

Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar Uppbyggingarsjóðs – til eins árs

Leó Örn Þorleifsson, Húnaþing vestra, formaður

Elín Aradóttir, Húnavatnshreppur

Gunnsteinn Björnsson, Sveitarfélagið Skagafjörður



*Guðmundur Haukur Jakobsson, Blönduós
Hólmfríður Sveinsdóttir, Sveitarfélagið Skagafjörður*

Fagráð menningar Uppbyggingarsjóðs – til eins árs

*Jóhanna Magnúsdóttir, Húnavatnshreppur, formaður
Sigríður Svavarsdóttir, Sveitarfélagið Skagafjörður
Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson, Sveitarfélagið Skagafjörður
Guðmundur Haukur Sigurðsson, Húnaþing vestra
Magnús B. Jónsson, Sveitarfélagið Skagaströnd*

Nefnd til að endurskoða menningarstefnu sveitarfélaga á Nl.v.

*Sigríður Sigurðardóttir, Sveitarfélagið Skagafjörður, formaður
Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson, Sveitarfélagið Skagafjörður
Jóhanns E. Pálmadóttir, Húnavatnshreppur
Halldór G. Ólafsson, Sveitarfélagið Skagaströnd
Unnur Valborg Hilmarisdóttir, Húnaþing vestra*

Starfshópur um endurskoðun samþykktar og þingskapa SSNV

*Magnús B. Jónsson, Sveitarfélagið Skagaströnd
Guðný Hrund Karlsdóttir, Húnaþing vestra
Bjarki Tryggvason, Sveitarfélagið Skagaströnd*

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

Þingslit

Valgarður Hilmarsson þakkaði fyrir gott og starfssamt þing. Því næst gaf hann formanni SSNV orðið. **Adolf H. Berndsen** þakkaði þingfulltrúum fyrir góð störf, óskaði þeim góðrar heimferðar og sagði þinginu slitið.

Fundargerðina rituðu
Davíð Jóhannsson og Ingibergur Guðmundsson,
starfsmenn SSNV.

VIÐAUKI 1. Samþykktir og þingsköp SSNV

VIÐAUKI 2. Starfsreglur fyrir fastanefndir SSNV

VIÐAUKI 3. Ályktanir sem allar miða að eflingu byggða og bættum búsetuskilyrðum á Norðurlandi vestra.

VIÐAUKI 4. Fjárhagsáætlun SSNV 2016

SAMÞYKKTIR OG ÞINGSKÖP



**SAMTÖK SVEITARFÉLAGA
Á NORÐURLANDI VESTRA**



MARKMIÐ OG HLUTVERK

1.1

Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV. Starfssvæði samtakanna afmarkast af sveitarfélagamörkum allra sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, allt frá Almenningsnöf í austri að Stikuhálsi milli Bitru og Hrótafjarðar í vestri. Heimili og varnarþing samtakanna er á skrifstofu SSNV á Hvammstanga.

Öll sveitarfélög á Norðurlandi vestra eru aðilar að SSNV. Verði breyting á sveitarfélagamörkum og nöfnum sveitarfélaga með sameiningu sveitarfélaga halda hin sameinuðu sveitarfélög aðild að SSNV án sérstaks uppgjörs eða meðhöndlunar sem um úrsögn væri að ræða. Um úrsögn gildir gr. 7.1 þessara samþykkt. Óski sveitarfélag /sveitarfélög utan starfssvæðis eftir inngöngu er það ekki heimilt nema með samþykki allra aðildarsveitarfélaga SSNV.

1.2

SSNV eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og starfa með tilvísun til 97. greinar sveitarstjórnslaga nr. 138/2011.

Samtökin eru hagsmuna-, þjónustu- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna. Málaflokkar sem SSNV fæst við varða m.a. byggðapróun, atvinnumál, menntamál, samgöngumál, menningarmál og kynningu Norðurlands vestra. Heimilt er að stofna og starfrækja ráð og nefndir til að sinna afmörkuðum verkefnum og hafa samvinnu um vinnu við tiltekna málaflokka á grundvelli samninga.

Markmið samtakanna eru;

- að efla samvinnu sveitarfélaga og auka þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna,
- að vinna að hverjum þeim verkefnum sem aðildarsveitarfélög eða löggjafinn kunna að fela þeim,
- að styrkja stöðu aðildarsveitarfélaganna á landsvísu,
- að stuðla að eflingu atvinnulífs á Norðurlandi vestra.

SSNV skal starfa í samvinnu við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra aðila eftir því sem hagsmunir bjóða hverju sinni og við verður komið.

Stjórn SSNV getur með samþykki aðildarsveitarfélaga stofnað til byggðasamlags eða annars rekstrar með öðrum landshlutasamtökum um verkefni sem ná út fyrir starfssvæði samtakanna.

UM ÁRSPING SSNV

2.1

Árspaning SSNV fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Þingið skal halda að hausti, fyrir lok októbermánaðar ár hvert. Ársþing hverju sinni ákveður næsta þingstað og skulu þing haldin sem víðast á starfssvæðinu.

2.2

Aukaþing skal boða ef þörf krefur að mati stjórnar eða ef a.m.k. tvö aðildarsveitarfélög óska þess. Aukaþing skal boðað skriflega með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og skal fundarefni tilgreint. Aukaþing skal haldið innan tveggja mánaða frá því beiðni um það barst.



2.3

Stjórn SSNV boðar til ársþings með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara og sendir sveitarfélögum og þingfulltrúum skriflega tilkynningu með ákvörðun um þingtíma og þingstað.

2.4

Stjórn SSNV semur dagskrá þingsins. Dagskrá skal send þingfulltrúum eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársþing, ásamt ársreikningi og tillögum að fjárhagsáætlun komandi reikningsárs, tillögum að ályktunum og öðrum erindum sem stjórnin leggur fyrir þingið.

2.5

Á ársþingi skulu tekin fyrir þessi mál:

- skýrsla stjórnar og starfsmanna um starfsemi rekstrareininga sem SSNV ber ábyrgð á.
- afgreiðsla ársreikninga ásamt skýrslu endurskoðanda um þær rekstrareiningar sem SSNV ber ábyrgð á.
- staðfesting á viðauka eða endurskoðaðri fjárhagsáætlun starfsársins.
- staðfesting á fjárhagsáætlun fyrir komandi ár, þ.m.t. ákvörðun um árgjöld
- laun og þóknun til stjórnar og nefnda.
- ákvörðun um fundarstað næsta ársþings
- önnur löglega fram borin mál

Á fyrsta ársþingi eftir sveitarstjórnarkosningar og á miðju kjörtímabili skal auk þess fara fram:

- kosning formanns
 - kosning fjögurra manna í aðalstjórn
 - kosning fimm manna í varastjórn
 - kosning endurskoðanda
 - kosning í fastanefndir
- a. Endurskoðunarnefnd sem annast undirbúning og eftirlit með reikningsskilum skv. starfsreglum sem ársþing setur.
- b. Úthlutunarnefnd og fagráð Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra sem hafa það hlutverk að leggja mat á og úthluta styrkjum úr sjóðnum skv. starfsreglum sem ársþing setur.

Að öðru leyti er heimilt að haga þingstörfum á þann veg að þjóni tilgangi þingsins og dagskrárefni sem best, t.d. með því að hafa hluta þingsins í formi vinnufundar, kjósa sérstakar starfsnefndir utan hinna föstu starfsnefnda þingsins, o.s.frv.

2.6

Ársþing er lögmætt ef löglega er til þess boðað og 2/3 kjörinna þingfulltrúa eru mættir.

2.7

Nánar skal kveðið á um starfshætti ársþingsins í þingsköpum þess.

UM KOSNINGAR TIL ÁRSÞINGS SSNV

3.1

Á ársþingi SSNV og aukaðingum eiga sæti fulltrúar sveitarfélaganna, sem hér segir:

Einn fulltrúi fyrir hvert sveitarfélag á starfssvæðinu, auk eins fulltrúa fyrir hverja byrjaða 400 íbúa í sveitarfélaginu. Miða skal við íbúafjölda sveitarfélags þann 1. desember næstliðins árs.



3.2

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á ársþing SSNV. Kjörgengir eru aðal- og varamenn í sveitarstjórnnum og framkvæmdastjórar sveitarfélaga. Um kosningu fulltrúa f er eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og skulu sveitarstjórnir leitast við að hafa sem jafnastan fjölda karla og kvenna, sbr. 15. grein laga nr. 10/2008.

Framkvæmdastjórar sveitarfélaga eiga seturétt á ársþingum SSNV með málfrelsi og tillögurétt.

3.3

Sveitarstjórnir skulu tilkynna stjórn SSNV nöfn kjörinna þingfulltrúa, aðal- og varamanna, fyrir 1. september ár hvert.

3.4

Komi í ljós að hvorki aðalfulltrúi né varafulltrúi geta setið ársþing, er sveitarstjórn heimilt að tilnefna annan fulltrúa til setu á viðkomandi þingi, með sömu réttindum og kjörnir fulltrúar.

3.5

Alþingismenn úr Norðvesturkjördæmi hafa rétt til setu á ársþingi með heimild til að ávarpa þingið.

3.6

Ársþing SSNV er opið til áheyrnar kjörnum aðal- og varafulltrúum í sveitarstjórnnum, starfsmönnum sveitarfélaga, starfsmönnum SSNV og tengdra verkefna á Norðurlandi vestra.

Stjórn samtakanna er heimilt að bjóða til þingsins aðilum sem tengjast umfjöllun og starfi samtakanna, með málfrelsi og tillögurétti.

UM KOSNINGAR Á ÁRSÞINGI SSNV

4.1

Stjórn SSNV skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Skal hún kosin á ársþingi annað hvert ár. Formaður skal kosinn sérstaklega á sama þingi. Stjórn skiptir með sér verkum að öðru leyti. Formaður getur ekki setið lengur en 4 ár samfleytt.

Kjörgengir til stjórnarkjörs eru þeir sem eru kjörgengir til setu á ársþingi. Sá sem kjörinn hefur verið aðalmaður í stjórn þrjú kjörtímabil í röð, þ.e. sex ár, er ekki kjörgengur til stjórnar næstu tvö ár.

Miða skal við að stjórn sé skipuð tveimur fulltrúum úr Skagafirði, tveimur fulltrúum úr A-Hún. og einum fulltrúa úr Húnaþingi vestra. Varastjórn sé skipuð af starfssvæðinu með sama hætti. Kjörtímabil formanns er tvö ár.

Framboð til stjórnar skulu hafa borist kjörnefnd 10 dögum fyrir ársþing.

4.2

Ársþing SSNV kýs, skv. lið 5.2, endurskoðanda, þrjá menn í endurskoðunarnefnd, fimm menn í úthlutunarnefnd og fagrað Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra og í aðrar nefndir sem þingið kann að ákveða.



4.3

Stjórn SSNV kýs fimm manna kjörnefnd eigi síðar en 15. ágúst ár hvert, sem jafnframt er kjörbréfanefnd ársþingsins. Skal kjörnefndin vinna að undirbúningi ársþings og starfa á því í samræmi við starfsreglur um hana og samþykktir SSNV.

4.4

Ef aðalmaður eða varamaður í stjórn eða nefnd fellur frá eða flytur burt úr landshlutanum á kjörtíma sínum, skal á næsta ársþingi kjósa í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímanum.

UM STJÓRN SSNV OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

5.1

Stjórn SSNV er ásamt framkvæmdastjóra, málsvari samtakanna milli ársþinga. Engu meiriháttar máli má ráða til lykta án atbeina hennar, nema afgreiðsla þess styðjist við samþykktir ársþinga.

5.2

Stjórn SSNV fer með yfirstjórn á rekstri samtakanna og heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Stjórnin undirbýr mál fyrir ársþing og leggur m.a. fram endurskoðaða reikninga samtakanna og gerir tillögu um fjárhagsáætlun næsta reikningsárs. Reikningsár samtakanna er almanaksárið.

5.3

Stjórn ræður framkvæmdastjóra og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk í samráði við stjórn.

5.4

Framkvæmdastjóri er yfirmaður annars starfsliðs samtakanna. Hann skal sjá um að stjórnsýsla samtakanna samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum stjórnar eða ársþings. Framkvæmdastjóri skal sitja fundi stjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem starfa á vegum samtakanna nema sérstakar aðstæður hamli því.

Framkvæmdastjóri leggur tillögu að fjárhagsáætlunum fyrir stjórn innan þeirra tímamarka sem sett eru um afgreiðslu þeirra og undirbýr framlagningu fjárhagsáætlunar fyrir ársþing.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að fundir stjórnar og nefnda á vegum samtakanna séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu stjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi stjórn ekki falið það öðrum.

Framkvæmdastjóri er prókúruhafi samtakanna. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni samtakanna prókúru að fengnu samþykki stjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Framkvæmdastjóri undirritar skjöl varðandi allar fjárhagslegar skuldbindingar, lántökur og ábyrgðir eða ráðstafanir sem samþykki stjórnar þarf til.

Í fjarveru framkvæmdastjóra er formaður stjórnar staðgengill hans nema stjórn hafi gert aðrar ráðstafanir.

5.5

Framkvæmdastjóri skal að jafnaði boða stjórnarfundum í samráði við formann og stilla upp dagskrá stjórnarfunda. Hann boðar einnig til funda í nefndum á vegum samtakanna nema það



sé sérstaklega falið öðrum. Telji formaður stjórnar eða nefndar að óeðlilegur dráttur sé á fundarboðun getur hann hlutast til um fundarboðun.

UM ÁRGJÖLD OG KOSTNAÐ

6.1

Árþing ákveður heildarfjárhæð árgjalda sveitarfélaga við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir hvert fjárhagsár. Árgjaldafjárhæð skal skipt á milli sveitarfélaga eftir íbúafjölda miðað við 1. desember næstliðins árs.

6.2

Stjórn ákveður gjalddaga árgjalda og getur lagt fram tillögu um þá samhliða tillögu um fjárhagsáætlun. Dráttarvextir skulu greiddir af vangoldnum árgjöldum frá gjalddaga.

6.3

Kostnaður við stjórn samtakanna, árþing, fundarhöld, ferðalög stjórnar og annar sameiginlegur kostnaður greiðist úr sameiginlegum sjóði. Hver sveitarstjórn greiðir ferðakostnað eigin fulltrúa á árþing SSNV.

UM ÚRSÖGN OG SLIT

7.1

Kjósi sveitarfélag að hætta þátttöku í SSNV skal viðkomandi sveitarstjórn tilkynna það til stjórnar samtakanna fyrir árslok og verður úrsögnin virk við upphaf reikningsárs að tveimur árum liðnum. Samhliða getur sveitarfélag krafist innlausnar á nettó eignarhlut sínum í samtökunum núvirðisreiknuðum í samræmi við ákvæði samnings skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ósætti rís um úrgöngu sveitarfélags gildir 95. gr. sveitarstjórnarlaga um meðferð málsins. Hið sama gildir vilji sveitarfélag hætta þátttöku í einstökum samstarfsverkefnum, nema reglur eða samningar um þau kveði á um annað.

7.2

Samtökin verða ekki lögð niður nema löglega boðað árþing og aukarþing samþykki það með 2/3 hlutum atkvæða. Þingin skulu haldin með a.m.k. tveggja mánaða millibili. Tillaga að félagsslitum skal fylgja fundarboði. Áður en seinna þingið er haldið skal afstaða aðildarsveitarfélaga til félagsslitanna liggja fyrir. Til þess að slit á samtökunum nái fram að ganga þurfa 2/3 hlutar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að staðfesta þau. Að öðru leyti fer um slit á samtökunum skv. ákvæðum 95. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM OG GILDISTÖKU

8.1

Tillögur til breytinga á samþykktum skulu sendar stjórn samtakanna a.m.k. þremur vikum fyrir árþing. Tillögur til breytinga skulu fylgja dagskrá boðaðs árþings, sbr. grein 2.4.

8.2

Breyting á samþykktum telst samþykkt ef 2/3 mættra þingfulltrúa samþykkja hana á lögmætum þingfundi.



8.3

Samþykktum þessum var breytt á ársþingi SSNV þann 16. október 2015 og eru svo breyttar frá þeim degi.

VIÐAUKAR:

1. Starfsreglur endurskoðunarnefndar SSNV
2. Starfsreglur kjörnefndar SSNV
3. Starfsreglur úthlutunarnefndar og fagráða Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra

Ákvæði til bráðabirgða:

Á ársþingi 2015 verður kosið í fastanefndir til eins árs:

- a. Endurskoðunarnefnd
- b. Úthlutunarnefnd og fagráð Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra

ÞINGSKÖP FYRIR ÁRSÞING SSNV

1. gr.

Þingið heitir Ársþing SSNV og er aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

2. gr.

Um rétt til setu á þinginu fer eftir samþykktum SSNV.

3. gr.

Þingið skal haldið samkvæmt samþykktum samtakanna að hausti, fyrir lok október ár hvert, sbr. grein 2.1. í samþykktum SSNV. Þá er fundarfært er a.m.k. 2/3 þingfulltrúa er mættur. Stjórn semur dagskrá þingsins, heimilt er þingforseta að víkja frá dagskrá.

4. gr.

Formaður samtakanna eða annar í umboði hans setur þingið. Hann skal gangast fyrir kjöri þingforseta og varaforseta, tveggja ritara og jafn margra til vara.

5. gr.

Þingforseti stjórnar fundi og sér um að þingstörf fari fram eftir góðri reglu. Sýni fulltrúi ókurteisi, hefur forseti leyfi til að taka af honum orðið og víta framkomu hans. Þingfulltrúum er skylt að hlíta úrskurði forseta, þó má skjóta úrskurði hans til þingsins, ef vafi leikur á skilningi á ákvæðum þingskapa.

6. gr.

Kjörnefnd kannar rétt þingfulltrúa til setu á þinginu og leggur fram skrá um réttkjörna þingfulltrúa til staðfestingar á þinginu.

Kjörnefnd annast framkvæmd kosninga á ársþingi. Hún leggur fram tillögur um kjör til stjórnar, í fastanefndir og til annarra starfa, sem samþykktir samtakanna mæla fyrir um og þingið felur henni.



Á ársþingi annað hvert ár leggur kjörnefnd fram tillögu um skipan stjórnar SSNV. Hún skal byggja tillögur sínar á þeim framboðum og tilnefningum sem hafa borist en jafnframt þeirri reglu að stjórn skuli skipuð tveimur fulltrúum úr Skagafirði, tveimur fulltrúum úr A-Hún. og einum fulltrúa úr Húnaþingi vestra. Komi ekki fram aðrar tillögur en frá kjörnefnd er stjórn sjálfkjörin.

Komi fram beiðni á ársþingi um skriflega kosningu skal orðið við því. Í kjöri við skriflega kosningu eru þeir sem kjörnefnd gerði tillögu um og aðrir sem buðu sig fram eða tilnefndir voru innan þeirra tímamarka sem sett eru um framboð (10 dögum fyrir ársþing). Þingfulltrúar skulu þá skrifa eitt nafn á kjörseðil við kosningu formanns og fjögur nöfn við kosningu annarra stjórnarmanna. Kjörseðill er ógildur ef fleiri nöfn eru árituð en ekki ef færri nöfn koma fram. Kjörseðill er sömuleiðis ógildur ef fleiri nöfn eru frá hverju svæði en kosið er um.

Við talningu atkvæða skulu þeir tveir úr Skagafirði sem fengu flest atkvæði hljóta stjórnarsæti en einn ef formaður hefur verið kjörinn úr hópi fulltrúa þaðan. Sama gildir um þá sem flest atkvæði hlutu úr A-Hún. Í Húnaþingi vestra hlýtur sá stjórnarsæti sem flest atkvæði fær enda hafi formaður ekki þegar verið kjörinn úr hópi þeirra fulltrúa.

Sama regla gildir um kjör varamanna komi til skriflegrar kosningar um þá.

7. gr.

Á þinginu skal kjósa í fastar þingnefndir:

- Fjárhagsnefnd, sem fjallar um ársreikning, fjárhagsáætlanir og annað sem varðar fjármál samtakanna.
- Stjórnskipulagsnefnd, sem fjallar um samþykktir, þingsköp, starfsreglur og annað sem varðar stjórnskipulag samtakanna.
- Allsherjarnefnd, sem fjallar um ályktanir ársþings og þau mál sem varða markmið og almenn verkefni samtakanna.

Auk þessara nefnda getur þingið ákveðið að setja nefndir um sérstök mál eða málaflokka til starfa á þinginu eða milli þinga.

Heimilt er að haga svo kjöri í þingnefndir að fulltrúar velji sjálfir þá nefnd sem þeir vilja starfa í. Enginn þingfulltrúi má sitja nema í einni þingnefnd.

8. gr.

Fulltrúar skulu tilkynna forseta skriflega þau mál er þeir óska að komi til umræðu. Máli skal vísað til nefndar eftir eðli þess. Rísi ágreiningur um til hvernar nefndar máli skuli vísað sker þingfundur úr.

9. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Séu atkvæði jöfn er mál fallið, en um kosningar ræður hlutkesti. Afgreiðsla máls telst ekki ályktun þingsins nema meira en fjórðungur kjörinna fulltrúa greiði því atkvæði.

10. gr.

Þegar forseti vill taka þátt í umræðu vikur hann sæti en varaforseti gegnir þá forsetastörfum.

11. gr.

Fulltrúar skulu taka til máls úr ræðustóli. Þó getur forseti leyft stuttar fyrirspurnir frá fulltrúa úr sæti sínu. Fulltrúar skulu beina máli sínu til forseta. Forseti skal sjá um, að fulltrúar taki til máls í réttri röð eftir því sem þeir hafa beðið um orðið. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu við



framsögumenn, formann samtakanna og framkvæmdastjóra, eða til að fulltrúi geti gert stutta athugasemd eða leiðréttingu. Enginn fulltrúi má í ræðu sinni lesa prentað mál, nema með leyfi forseta.

12. gr.

Enginn fulltrúi má taka oftari til máls en tvisvar sinnum við sömu umræðu í hverju máli en þó skulu flutningsmenn mála, framsögumenn meirihluta og minnihluta nefnda svo og formaður samtakanna og framkvæmdastjóri, hafa rétt til að taka oftari til máls. Forseta er heimilt að takmarka ræðutíma, ef ástæða þykir til.

13. gr.

Forseta er skylt að bera undir atkvæði hvort umræðu skuli hætt, ef fimm fulltrúar eða fleiri æskja þess skriflega.

14. gr.

Tillögur til breytinga á þingsköpum skulu sendar stjórn samtakanna a.m.k. þremur vikum fyrir ársþing. Tillögur til breytinga skulu fylgja dagskrá boðaðs ársþings, sbr. grein 2.4.

Komi fram breytingartillaga á ársþingi við útsendar tillögur til breytinga á samþykktum og/eða þingsköpum skal þingforseti úrskurða hvort umrædd tillaga sé viðaukatillaga við fyrirbyggjandi aðaltillögu, breytingartillaga eða ný tillaga.

Viðaukatillaga telst sjálfstæð viðbót við aðaltillöguna og skal bera hana upp á eftir aðaltillögu. Áskilnaður um 2/3 hluta gildir um viðaukatillöguna enda leiðir hún til breytinga á samþykktum eða þingsköpum.

Breytingartillaga er borin upp á undan aðaltillögu og gildir þar almennt að afl atkvæða ráði niðurstöðu. Breytingartillagan telst ekki sjálfstæð þar sem það er aðaltillagan svo breytt sem leiðir til breytinga á samþykktum eða þingsköpum.

Komi fram ný tillaga um breytingu á samþykktum eða þingsköpum þarf þingforseti að leita afbrigða til þess að hún komist á dagskrá. Tillögur um afbrigða þurfi samþykkti 2/3 hluta mættra þingfulltrúa til þess að ná fram að ganga.

15. gr.

Breyting á þingsköpum telst samþykkt ef 2/3 mættra þingfulltrúa samþykkja hana á lögmætum þingfundi.

16. gr.

Þingsköpum þessum var breytt á ársþingi SSNV þann 16. október 2015 og eru svo breytt frá þeim degi.



VIÐAUKI 2 – Starfsreglur nefnda

Starfsreglur endurskoðunarnefndar SSNV

1. Skipun og hlutverk

Nefndin er skipuð á ársþingi SSNV til tveggja ára að afloknum kosningum í stjórn eftir sveitarstjórnarkosningar. Hún skal starfa í samræmi við 108. gr. a-d laga um ársreikninga og er hlutverk hennar eftirfarandi:

1. Hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits.
3. Hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga.
4. Meta óhæði endurskoðanda og hafa eftirlit með öðrum störfum hans.

2. Heimildir

Nefndin hefur heimild stjórnar til að:

1. Fá þá aðstoð starfsmanna SSNV sem nefndin telur nauðsynlega til að sinna störfum sínum.
2. Hafa aðgang að þeim gögnum sem nefndin telur sig þurfa og fara yfir skráningu og meðferð bókhaldsgagna eftir því sem nefndin telur ástæðu til í samráði við endurskoðanda.

Nefndin skal yfirfara og samþykkja reikninga vegna endurskoðunar ársreikninga SSNV og skyldra aðila.

3. Stjórnskipan

Nefndarmenn

Ársþing SSNV skipar formann og tvo nefndarmenn og skulu minnst tveir þeirra hafa reynslu af endurskoðun eða reikningshaldi. Nefndin skipar sér ritara. Nefndarmenn skulu allir hafa þekkingu á starfsemi sveitarfélaga og/eða starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga. Einfaldur meirihluti nefndarmanna ræður niðurstöðu mála.

Fundir

Formaður boðar fundi nefndarinnar. Einungis nefndarmenn eiga rétt til setu á fundum. Nefndin getur boðað endurskoðanda og starfsmenn SSNV til fundar eftir því sem þurfa þykir. Endurskoðandi getur óskað eftir fundi með nefndinni og skal formaður boða fund innan mánaðar frá því að slík beiðni berst. Sama gildir ef nefndarmaður óskar eftir fundi. Nefndin skal funda um ársuppgjör með endurskoðanda samtakanna.

Upplýsingaskyldur nefndarinnar

Nefndin skal minnst árlega gera stjórn skriflega grein fyrir störfum sínum. Nefndin ber ábyrgð á að upplýsa stjórn um hver þau mál sem geta hafa veruleg áhrif á starfsemi eða afkomu samtakanna.

Trúnaður

Nefndarmenn eru bundnir trúnaði um málefni samtakanna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn.

4. Endurskoðun starfsreglnanna

Starfsreglur þessar eru endurskoðaðar á ársþingi eftir því sem þurfa þykir. Skal nefndin beina því til stjórnar ef hún telur ástæðu til að taka reglurnar til endurskoðunar.



Starfsreglur kjörnefndar SSNV

1. Skipun og hlutverk

Nefndin er skipuð af stjórn SSNV, eigi síðar en 15. ágúst ár hvert. Skal hún vinna að undirbúningi ársþings samkvæmt hlutverki sínu og starfa á því í samræmi við samþykktir og þingsköp SSNV og starfsreglur þessar.

Hlutverk kjörnefndar er eftirfarandi:

1. Fylgja því eftir að sveitarstjórnir kjósi fulltrúa til setu á ársþingi SSNV.
2. Yfirfara kjörbréf og mætingu kjörinna fulltrúa á ársþing hverju sinni.
3. Vekja athygli sveitarstjórna á að kosið verði til stjórnar á ársþingi þegar það á við.
4. Taka við og fara yfir framboð og tilnefningar sem berast til stjórnarkjörs.
5. Stilla upp tillögu að stjórn, varastjórn, endurskoðanda, fulltrúum í fastanefndir og í aðrar nefndir sem þingið kann að ákveða og leggja fyrir ársþing.
6. Sjá um framkvæmd kosninga á ársþingi komi til skriflegra kosninga.

Komi ekki fram framboð eða tilnefningar til stjórnar eða varastjórnar innan framboðsfrests sem nægi til fullskipaðrar stjórnar og varastjórnar skal kjörnefnd leita eftir framboði/samþykki þeirra sem hún telur rétt að tilnefna í stjórn eða varastjórn.

Kjörnefnd skal leitast við að hafa kynjahlutföll í stjórn, ráðum og nefndum sem jöfnust, sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008.

Nefndin nýtur aðstoðar starfsmanna SSNV til að sinna hlutverki sínu eins og við á hverju sinni.

2. Stjórnskipan

Stjórn SSNV skal skipa formann og fjóra nefndarmenn. Nefndin skipar sér ritara. Einfaldur meirihluti nefndarmanna ræður niðurstöðu mála.

3. Endurskipun

Nefndarmenn hafa ekki varamenn og skal stjórn skipa nýjan aðalmann forfallist nefndarmaður eða geti ekki sinnt starfi sínu.

4. Fundir

Formaður boðar fundi nefndarinnar. Einungis nefndarmenn eiga rétt til setu á fundum hennar. Haldin er einföld fundargerð/skrá um fundi.

5. Trúnaður

Nefndarmenn eru bundnir trúnaði um málefni er leynt skulu fara og varða SSNV eða einstaka frambjóðendur sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn.

6. Endurskoðun starfsreglnanna

Starfsreglur þessar eru endurskoðaðar á ársþingi eftir því sem þurfa þykir. Skal nefndin beina því til stjórnar ef hún telur ástæðu til að taka reglurnar til endurskoðunar.



Starfsreglur úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra

1. Skipun og hlutverk

Úthlutunarnefnd er kjörin á ársþingi SSNV til tveggja ára í senn, sbr. 7. gr. samnings um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019.

Hlutverk úthlutunarnefndar er eftirfarandi:

1. Nefndin auglýsir árlega eftir umsóknum um styrki úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra samkvæmt verklags- og úthlutunarreglum sjóðsins.
2. Nefndin vísar þeim umsóknum sem berast til faglegrar umfjöllunar, annaðhvort til fagráðs menningar eða fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar, eftir eðli umsóknanna.
3. Nefndin tekur við tillögum fagráðanna um styrkveitingar og gengur úr skugga um að farið sé eftir ákvæðum samnings um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019, markmiðum og áherslum gildandi Sóknaráætlunar landshlutans og Verklags- og úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra.
4. Nefndin tekur ákvörðun um þau verkefni sem styrkt verða á grundvelli faglegs mats og tillagna fagráðanna.
5. Nefndin skal gæta þess að úthlutanir séu innan þess fjárhagsramma sem stjórn SSNV hefur samþykkt.
6. Nefndin skal árlega endurskoða verklags- og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðsins og leggja breytingatillögur fyrir stjórn SSNV til samþykktar, telji nefndin þörf á breytingum.
7. Nefndin skal árlega skila greinargerð til ársþings SSNV um starf sitt.

Um hæfi nefndarmanna við úthlutun styrkja fer eftir 7. grein samnings um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019.

Nefndin nýtur aðstoðar starfsmanna SSNV til að sinna hlutverki sínu, sbr. verklags- og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs.

2. Stjórnskipan

Úthlutunarnefnd er skipuð fimm mönnum. Ársþing kýs formann og tvo nefndarmenn. Formenn fagráðanna sitja jafnframt í nefndinni.

Samkvæmt 7. grein samnings um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019 mega kjörnir fulltrúar sveitarstjórna ekki vera fleiri en sem nemur 40% nefndarmanna. Starfsmenn landshlutasamtaka eða skyldra aðila geta heldur ekki setið í úthlutunarnefnd.

3. Endurskipun

Nefndarmenn hafa ekki varamenn og skal stjórn SSNV skipa nýjan aðalmann forfallist nefndarmaður eða geti ekki sinnt starfi sínu.

4. Fundir

Formaður boðar fundi nefndarinnar. Fundir úthlutunarnefndar eru lögmætir ef meirihluti nefndarinnar, að formanni meðtöldum, sækir fund. Einfaldur meirihluti nefndarmanna ræður niðurstöðu mála.

Fundargerð úthlutunarnefndar skal vera rafræn. Fundargerð skal send stjórn SSNV til kynningar.

5. Trúnaður

Nefndarmenn eru bundnir þagmælsku og trúnaði um umsóknir og verkefni og önnur þau atriði er leynt skulu fara. Þagnarskylda helst þótt hætt sé þátttöku í úthlutunarnefndinni.



6. Endurskoðun starfsreglnanna

Starfsreglur þessar eru endurskoðaðar á ársþingi eftir því sem þurfa þykir. Skal nefndin beina því til stjórnar ef hún telur ástæðu til að taka reglurnar til endurskoðunar.

Starfsreglur fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra

1. Skipun og hlutverk

Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar er kjörið á ársþingi SSNV til tveggja ára í senn, sbr. 7. gr. samnings um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019.

Hlutverk fagráðsins er eftirfarandi:

1. Fagráðið leggur faglegt mat á þær umsóknir sem úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra vísar til þess.
2. Fagráðið gerir tillögur um styrkveitingar til úthlutunarnefndarinnar, sbr. 1. gr. starfsreglna nefndarinnar.
3. Fagráðið skal gæta þess að úthlutanir séu innan þess fjárhagsramma sem stjórn SSNV hefur samþykkt.
4. Fagráðið getur gert tillögur til breytinga á verklags- og úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðsins til úthlutunarnefndar sjóðsins.

Um hæfi fulltrúa í fagráði við tillögur um úthlutun styrkja fer eftir 7. grein samnings um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019.

Fagráðið nýtur aðstoðar starfsmanna SSNV til að sinna hlutverki sínu, sbr. verklags- og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs.

2. Stjórnskipan

Ársþing SSNV kýs formann og fjóra fulltrúa til setu í fagráði atvinnuþróunar og nýsköpunar

3. Endurskipun

Fulltrúar í fagráði atvinnuþróunar og nýsköpunar hafa ekki varamenn og skal stjórn SSNV skipa nýjan aðalmann forfallist fulltrúi eða geti ekki sinnt starfi sínu.

4. Fundir

Formaður boðar fundi fagráðsins. Fundir fagráðsins eru lögmætir ef meirihluti þess, að formanni meðtöldum, sækir fund. Einfaldur meirihluti fulltrúa í fagráði ræður niðurstöðu mála. Fundargerð fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar skal vera rafræn. Fundargerð skal send úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðsins til kynningar.

5. Trúnaður

Fulltrúar í fagráði eru bundnir þagmælsku og trúnaði um umsóknir og verkefni og önnur þau atriði er leynt skulu fara. Þagnarskylda helst þótt hætt sé þátttöku í fagráðinu.

6. Endurskoðun starfsreglnanna

Starfsreglur þessar eru endurskoðaðar á ársþingi eftir því sem þurfa þykir. Skal nefndin beina því til stjórnar ef hún telur ástæðu til að taka reglurnar til endurskoðunar.



Starfsreglur fagráðs menningar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra

1. Skipun og hlutverk

Fagráð menningar er kjörið á ársþingi SSNV til tveggja ára í senn, sbr. 7. gr. samnings um Sóknaaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019.

Hlutverk fagráðs menningar er eftirfarandi:

1. Fagráðið leggur faglegt mat á þær umsóknir sem úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra vísar til þess.
2. Fagráðið gerir tillögur um styrkveitingar til úthlutunarnefndarinnar, sbr. 1. gr. starfsreglna nefndarinnar.
3. Fagráðið skal gæta þess að úthlutanir séu innan þess fjárhagsramma sem stjórn SSNV hefur samþykkt.
4. Fagráðið getur gert tillögur til breytinga á verklags- og úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðsins til úthlutunarnefndar sjóðsins.

Um hæfi fulltrúa í fagráði við tillögur um úthlutun styrkja fer eftir 7. grein samnings um Sóknaaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019.

Fagráðið nýtur aðstoðar starfsmanna SSNV til að sinna hlutverki sínu, sbr. verklags- og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs.

2. Stjórnskipan

Ársþing SSNV kýs formann og fjóra fulltrúa til setu í fagráði menningar.

3. Endurskipun

Fulltrúar í fagráði menningar hafa ekki varamenn og skal stjórn SSNV skipa nýjan aðalmann forfallist fulltrúi eða geti ekki sinnt starfi sínu.

4. Fundir

Formaður boðar fundi fagráðsins. Fundir fagráðsins eru lögmætir ef meirihluti þess, að formanni meðtöldum, sækir fund. Einfaldur meirihluti fulltrúa í fagráði ræður niðurstöðu mála. Fundargerð fagráðs menningar skal vera rafræn. Fundargerð skal send úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðsins til kynningar.

5. Trúnaður

Fulltrúar í fagráði eru bundnir þagmælsku og trúnaði um umsóknir og verkefni og önnur þau atriði er leynt skulu fara. Þagnarskylda helst þótt hætt sé þátttöku í fagráðinu.

6. Endurskoðun starfsreglnanna

Starfsreglur þessar eru endurskoðaðar á ársþingi eftir því sem þurfa þykir. Skal nefndin beina því til stjórnar ef hún telur ástæðu til að taka reglurnar til endurskoðunar.

Ályktanir 23. ársþings SSNV 2015





ATVINNUMÁL OG BYGGÐAÞRÓUN	27
Atvinnumál.....	27
Sóknaráætlun landshluta	28
FJÁRMÁL SVEITARFÉLAGA	28
Tekjustofnar sveitarfélaga	28
LANDBÚNAÐUR	28
Búvörusamningar og nýr tollasamningur við ESB	28
FERÐAÞJÓNUSTA	28
Ferðaþjónusta	28
SAMGÖNGUMÁL	29
Samgöngumál.....	29
Almenningssamgöngur.....	30
Fjarskiptamál.....	30
OPINBER ÞJÓNUSTA OG EFTIRLITSSKYLD STARFSEMI	31
Opinber þjónusta og starfsemi á Norðurlandi vestra.....	31
Starfsemi og þjónusta eftirlitsstofnana á svæðis- og landsvísu.....	31
FÉLAGSÞJÓNUSTA OG HEILBRIGÐISMÁL	31
Málefni fatlaðs fólks.....	31
Heilbrigðisþjónusta	32
MENNTAMÁL	32
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	32
Hólaskóli-Háskólinn á Hólum.....	32
HÚSNÆÐISMÁL	33
Jafnrétti til húsnaðislána.....	33
ANNAÐ	33
Refa- og minkaveiðar	33
Aðkeypt akstursþjónusta	33

**23. ársþing SSNV,
haldið á Blönduósi 16. október 2015,
samþykkir eftirfarandi ályktanir sem allar miða að eflingu byggða
og bættum búsetuskilyrðum á Norðurlandi vestra**

ATVINNUMÁL OG BYGGÐAÞRÓUN

Atvinnumál

23. ársþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015, leggur áherslu á eftirfarandi þætti í atvinnumálum:

- *Niðurstöður skýrslna Landshlutanefndar fyrir Norðurland vestra og A-Hún. nefndarinnar sýna, svo að ekki verður um villst, að þörf er á róttækum aðgerðum, m.a. í atvinnumálum, til að snúa við neikvæðri íbúa- og hagvaxtarþróun undanfarinna áratuga.
Þingið styður heils hugar þær tillögur sem fram koma í tillögum Landshlutanefndar fyrir Norðurland vestra og A-Hún. nefndarinnar um eflingu atvinnulífs í landshlutanum og beinir því til stjórnvalda að styðja við þær hugmyndir sem þar koma fram og vinna af krafti með heimamönnum í því sambandi.*
- *Þingið krefst þess að stjórnvöld beiti sér sérstaklega fyrir því að áform um uppbyggingu mannaflsfreks iðnaðar nái fram að ganga á starfssvæði samtakanna, líkt og unnið hefur verið að í öðrum landshlutum á undanförunum árum og áratugum. Einn af áhugaverðum kostum í því sambandi er bygging álvers við Hafursstaði. Til þess að þau áform gangi eftir þurfa stjórnvöld að leggjast á árarnar með heimamönnum og væntanlegum fjárfestum.*
- *Þingið leggur áherslu á mikilvægi þess að ráðist verði í stækkun Blönduvirkjunar og gerir kröfu um að orkuframleiðsla virkjunarinnar verði nýtt til atvinnuuppbyggingar á svæðinu.*
- *Þingið fer jafnframt fram á að raforkuöryggi verði tryggt á svæðinu í heild sinni og að þriggja fasa rafmagn verði tryggt fyrir íbúa þess.*
- *Mikilvægt er að tryggja stöðugleika í rekstrarumhverfi sjávarútvegs og landbúnaðar sem eru grunnstoðir atvinnulífs á Norðurlandi vestra. Stuðla þarf að nýliðun og framþróun í þessum greinum.*
- *Strandveiðar hafa sannað gildi sitt og haft jákvæð áhrif. Mikilvægt er að byggðastuðningur í gegnum línuívilnun og byggðakvóta verði áfram til staðar og verði ekki skertur.*
- *Flutningskostnaður er landsbyggðarskattur og því er afar brýnt að tillögur um skerðingu á fjármunum til jöfnunar flutningskostnaðar verði endurskoðaðar í því skyni að jafna kjör allra landsmanna í þessum efnum.*
- *Aðgengi fyrirtækja á landsbyggðinni að fjármagni á samkeppnishæfum kjörum verði tryggt, m.a. í gegnum lánasvið Byggðastofnunar og aðrar fjármálastofnanir í landinu.*
- *Vel hefur tekist til með uppbyggingu á rannsókn- og þróunarstarfi á sviði nýtingar náttúruauðlinda og matvælaíðnaðar í landshlutanum. Má þar nefna fjölbreytt starf í Verinu, Þekkingarsetrinu á Blönduósi, hjá Biopol og Selasetri Íslands.
Mikil sóknarfæri felast í áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækja og stofnana á þessu sviði og mikilvægt að stjórnvöld styðji enn betur við þessa vaxtarbrodda í landshlutanum.*
- *Þingið leggur áherslu á mikilvægi þess að flyta ljósleiðaravæðingu svæðisins, enda um mikið hagsmunamál að ræða fyrir hvoru tveggja atvinnulíf og styrkingu svæðisins sem búsetukosts.*



Sóknaráætlun landshluta

23. ársþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015, lýsir ánægju með það fyrirkomulag sem á hefur komist á vettvangi Sóknaráætlunar landshluta þar sem forræði fjármuna og verkefna er á höndum heimamanna með samþættingu áætlana og samninga um verkefni á svæðinu að leiðarljósi.

Þingið harmar þær skerðingar á fjármagni sem orðið hafa á undanförunum árum, m.a. til þeirra samninga sem voru undanfari sóknaráætlunarinnar, s.s. til menningarsamningsins. Skorað er á stjórnvöld að fylgja eftir af heilum hug því starfi sem raunverulega átti að vinna samkvæmt Sóknaráætlun landshluta og tryggja að þeim fjármunum verði veitt í verkefnið sem upphaflega stóð til.

FJÁRMÁL SVEITARFÉLAGA

Tekjustofnar sveitarfélaga

23. ársþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015, lýsir miklum áhyggjum yfir versnandi rekstrarstöðu sveitarfélaga og óskar eftir því að þingmenn beiti sér fyrir aukinni hlutdeild sveitarfélaga í skatttekjum ríkisins.

Tekjustofnar hafa víða verið að gefa eftir eða halda hvergi nærri í við stóraukinn rekstrarþunga sem leiðir bæði af miklum launahækkunum og almennt vaxandi þjónustubörf.

Ársþingið bendir á að lækkun tryggingargjalds væri áhrifarík leið til að lækka útgjöld sveitarfélaga.

LANDBÚNAÐUR

Búvörusamningar og nýr tollasamningur við ESB

23. ársþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015, lýsir yfir miklum áhyggjum af nýgerðum tollasamningum við Evrópusambandið. Ljóst er að samningurinn veldur verulegum breytingum á íslenskum markaði með landbúnaðarvörur og að í mörgum tilvikum mun samkeppnisstaða bænda versna til muna.

Mikilvægt er að flýta gerð nýrra búvörusamninga, tryggja þar afkomu og stöðu bænda og réttláta samkeppnisstöðu gagnvart bændum í öðrum löndum.

FERÐAÞJÓNUSTA

Ferðaþjónusta

23. ársþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015, leggur áherslu á þá miklu möguleika sem felast í uppbyggingu ferðaþjónustu og grunnstöðum hennar í landshlutanum.

Uppgangur í ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra hefur verið heldur hægari en í öðrum landshlutum. Í ferðaþjónustunni liggja gríðarlegir vaxtarmöguleikar og á Norðurlandi vestra eru þeir jafnvel meiri en í öðrum landshlutum.

Þingið bendir á nýútkomna stefnumótun Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og SAF fyrir ferðaþjónustuna á Íslandi og lýsir yfir ánægju sinni með þær áherslur sem fram koma um mikilvægi landsbyggðarinnar í frekari uppbyggingu greinarinnar.



Í ljósi þessa kallar þingið eftir því að stjórnvöld fylgi eftir aðgerðum til betri dreifingar ferðamanna um landið árið um kring, til minnkunar álags á fjölförnu staðina. Í því sambandi telur SSNV sig vel í stakk búð að stíga næstu skref í þróun áfangastaða á svæðinu með sanngjörnum auknum opinberum framlögum á vegum ANR. Algjört lykilatriði fyrir frekari uppbyggingu er að ríkið standi mun betur að viðhaldi og uppbyggingu vega á og við helstu ferðamannastaði í landshlutanum.

Eitt mikilvægasta baráttumálið er lýtur að fjölgun ferðamanna á Norðurlandi vestra er opnun nýrrar fluggáttar til landsins með eflingu alþjóðaflugvallar á Akureyri. Þingið fagnar störfum nefndar forsætisráðherra um þetta mál og vonar að með tilhlýðilegu fjármagni styttest í að beint flug inn á Norðurland verði að veruleika.

Afar brýnt er að stórauka fjármagn sem veitt er til upplýsingamiðstöðva á landsbyggðinni, m.t.t. heilsársþjónustu. Styrkja þarf rekstrargrundvöll markaðsstofa landshlutanna og með auknu fjármagni að gera þeim kleift að sinna sérstökum áhersluverkefnum í markaðssetningu fáfarnari svæða.

SAMGÖNGUMÁL

Samgöngumál

23. ársþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015, krefst þess að unnið verði að uppbyggingu vega á Norðurlandi vestra og mótmælir harðlega því mikla fálæti sem landshlutanum hefur verið sýnt þegar kemur að nýframkvæmdum í nýrri Samgönguáætlun þar sem nánast ekkert er sett í viðhald né nýframkvæmdir í landshlutnum. Slikt er með öllu óboðlegt, þar sem vegir og brýr á svæðinu grotna niður og hættuleg umferð og ófær stærri tækjum. Slikt hamlar atvinnustarfsemi á svæðinu.

Þingið beinir því til innanríkisráðherra að eftirfarandi framkvæmdir á Norðurlandi vestra verði settar á samgönguáætlun:

- Þverárfjallsvegur: Endurbygging Skagastrandarvegar frá Þjóðvegi 1 að Höskuldsstöðum.
- Héraðs- og tengivegir: Afar brýnt er að stórbæta viðhald héraðs- og tengivega í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum og að meginæðar þeirra verði lagðir bundnu slitlagi.
- Brýr og ræsi: Átak verði gert í að endurnýja brýr og ræsi
- Eftirfarandi framkvæmdir eru áherslur ársþingsins:
 - ✓ Vatnsnesvegur 711
 - ✓ Miðfjarðarvegur 704
 - ✓ Viðidalsvegur 715
 - ✓ Þingeyravegur 721
 - ✓ Vatnsdalsvegur 722
 - ✓ Svínvetningabraut 731
 - ✓ Skagavegur 745
 - ✓ Skagafjarðarvegur 752
 - ✓ Reykjastrandarvegur 744
 - ✓ Tindastólsvegur 746
 - ✓ Hegransvegur 764
- Þjóðvegur 1: Áfram verði unnið að viðhaldi og breikkun þjóðvegar 1 á starfssvæði SSNV.

- *Kjalvegur: Sívaxandi umferð um Kjalveg krefst mun meira viðhalds og þjónustu en verið hefur. Með uppbyggingu Kjalvegar er verið að bæta við nýju hliði inn á Norðurland vestra og skapa þannig möguleika á fjölgun ferðamanna þar.*
- *Jafnframt skorar þingið á innanríkisráðherra að tryggja áætlunarflug til Sauðárkróks og minnir á að óviðunandi er að Norðurland vestra verði eini landshlutinn, sem ekki liggur að höfuðborgarsvæðinu, sem ekki nýtur þjónustu innanlandsflugs. Þingið skorar á innanríkisráðherra að láta kanna kosti þess að gera Alexandersflugvöll á Sauðárkróki að varaflugvelli fyrir Keflavíkurlflugvöll, Reykjavíkurlflugvöll og Akureyrarflugvöll.*

Almenningssamgöngur

23. ársþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015, lýsir yfir ánægju með aukna þjónustu við íbúa á sviði almenningssamgangna sem hefur reynst mikilvægur þáttur í að styrkja samgöngur innan svæðis og tengja það við aðra landshluta. Vaxandi fjöldi farþega sýnir, svo ekki verður um villst, að áhugi er fyrir að nýta þjónustuna og þróa hana enn frekar.

Ársþingið harmar hinsvegar að ekki skuli hafa verið staðið við þau fyrirheit sem gefin voru af hálfu ríkisins varðandi einkaleyfi á umsömdum akstursleiðum og að ríkið hafi einhliða ákveðið að hætta niðurgreiðslu oliugjalds vegna almenningssamgangna, með þeim afleiðingum að afkoma verkefnisins hefur ekki orðið í samræmi við áætlanir. Í raun er um algeran forsendubrest að ræða.

Ársþingið telur áframhaldandi aðkomu sveitarfélaga að verkefninu byggjast alfarið á því að fjárframlög ríkisins og farþegatekjur dugi fyrir rekstrarkostnaði og að bætt verði lagaleg umgjörð verkefnisins svo umboð til sérleyfisaksturs verði skýrt og óskorað.

Fjarskiptamál

23. ársþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015, krefst þess að tryggð verði aukin gæði fjarskipta á Norðurlandi vestra, hvort sem um ræðir nettengingar, GSM samband á svæðinu eða önnur fjarskipti sem fylgja því að búa í nútímasamfélagi, hvort sem það tengist námi, starfi eða til að tryggja öryggi íbúa.

Lögð er áhersla á það sanngirnis- og jafnréttismál að allir íbúar landsins eigi kost á háhraðatengingu sem stenst nútímakröfur óháð búsetu. Sú krafa er í samræmi við fjarskiptaáætlun þar sem rík áhersla er lögð á atvinnuuppbyggingu, bætt lífsgæði og jákvæða byggðapróun.

Víða á Norðurlandi vestra er fjarskiptum verulega ábótavant. Gott farsíma- og netsamband er í senn stór öryggisþáttur og mikilvægur þáttur í uppbyggingu þjónustu, bæði fyrir íbúa og vaxandi fjölda ferðafólks. Skortur á góðum fjarskiptum getur staðið í vegi fyrir uppbyggingu fyrirtækja og þjónustu, dregið þannig úr lífsgæðum og veikt svæðið sem valkost til búsetu.

Ársþingið hvetur því til þess að breiðbandstenging (a.m.k. 100 mb) verði skilgreind sem grunnþjónusta fyrir alla landsmenn og að því takmarki verði náð ekki síðar en árið 2020, fyrir að a.m.k. 99,9% landsmanna.

Lögð er áhersla á að ráðist verði í landsátak á uppbyggingu á ljósleiðarkerfi, þar sem horft verði til efla farnet, örugg fjarskipti við rekstur mikilvægra innviða eins og raforkukerfis og traust fjarskipti fyrir sjó- og vegfarendur.



Eitt mikilvægasta byggðamálið í dag er að koma ljósleiðara inn á hvert heimili og er því skorað á stjórnvöld að skilgreina í fjárlögum fjármagn til endurgreiðslu kostnaðar við uppsetningu ljósleiðarakerfis og þá sérstaklega í dreifbýli

OPINBER ÞJÓNUSTA OG EFTIRLITSSKYLD STARFSEMI

Opinber þjónusta og starfsemi á Norðurlandi vestra

23. ársþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015, leggur ríka áherslu á að ekki verði gengið lengra í fækkun opinberra starfa og skerðingu opinberrar þjónustu í landshlutanum.

Fækkun opinberra starfa og skerðing sem orðin er á grunnþjónustu hefur haft alvarleg áhrif á lífsgæði íbúa og svæðið sem ákjósanlegan valkost til búsetu.

Árþingið vill ítreka áskorun sína um að veita fé til að framkvæma þau verkefni sem sett eru fram í skýrslu Norðvesturnefndar sem og A-Hún nefndar. Nauðsynlegt er að gerð verði áætlun um uppbyggingu þjónustu á svæðinu til framtíðar, þar sem hugað verði að nýjum verkefnum, stuðningi við þá starfsemi sem fyrir er og flutningi ríkisstarfa til svæðisins.

Starfsemi og þjónusta eftirlitsstofnana á svæðis- og landsvísu

23. ársþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015, leggur áherslu á að eftirlit og þjónusta við eftirlitsskylda starfsemi í landshlutanum skuli innt af hendi af heilbrigðiseftirliti, vinnueftirliti, eldvarnareftirliti og öðrum eftirlitsaðilum sem staðsettir eru á Norðurlandi vestra.

Jafnframt verði eftirlitsaðilum á Norðurlandi vestra falin önnur þau verkefni sem annast þarf á þeim vettvangi, í stað þess að færa þau til miðlægra stofnana og auka þannig kostnað atvinnulífsins á svæðinu.

Einnig er brýnt að samræma og samþætta eftirlitsstarfsemi til að draga úr heildarkostnaði við eftirlit og þeim kostnaði sem fellur á fyrirtæki og atvinnulíf.

FÉLAGSÞJÓNUSTA OG HEILBRIGÐISMÁL

Málefni fatlaðs fólks

23. ársþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015, fer fram á tafarlausa leiðréttingu á tekjuforsendum Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu málefna fatlaðs fólks árin 2014 og 2015.

Málaflokkurinn á starfssvæði Róta bs., er rekinn með umtalsverðum halla sem má að verulegu leyti rekja til reglugerðar um fjárframlög og endurmats Jöfnunarsjóðs á útgjaldaþörf.

Komið hefur í ljós að regluverkið hefur neikvæð fjárhagsleg áhrif á þjónustusvæði með dreifða þjónustu í dreifðri byggð líkt og starfssvæði Róta bs. Svæðinu er í reynd refsað fyrir að erfitt kann að reynast að veita þjónustu vegna fámennis og langra vegalengdra.

Aðildarsveitarfélög Róta bs. hafa lagt áherslu á að framfylgja markmiðum yfirfærslunnar með samþættingu nærþjónustu, bættri þjónustu ásamt því að tryggja góða nýtingu fjármuna og vilja að sjálfsögðu tryggja að íbúar þeirra hafi áfram aðgang að þjónustu sem lög um málefni fatlaðs fólks mæla fyrir. Aðildarsveitarfélögin hafa því árin 2014 og 2015 greitt umtalsvert með þjónustunni, um 60 m.kr. árið 2014 og það stefnir í a.m.k. 110 m.kr. halla árið 2015.

Ljóst er að ef ekki koma til meiri fjármunir af hálfu ríkisvaldsins er fátt annað í stöðunni en að velferðarráðuneytið taki við rekstri málaflokksins.



Heilbrigðisþjónusta

23. ársþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015, skorar á ríkisstjórn Íslands og Alþingi að standa vörð um þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt á Norðurlandi vestra og byggja upp nauðsynlega og stöðuga grunnþjónustu eftir langvarandi niðurskurð.

Óásættanlegt er að þjónustan verði skert meira en orðið er og sú óvissa sem ríkt hefur um þjónustuna og framkvæmd hennar er ekki boðleg. Slíkt skaðar búsetuöryggi og lífsgæði á svæðinu.

Þá skorar þingið á stjórnvöld að tryggja nægilegt fjármagn til þess að sérfræðilæknar sjái sér fært að fara í vinnuferðir út á land. Má þar t.d. benda á augnlækna sem margt eldra fólk þarf reglulega að fara til.

MENNTAMÁL

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

23. ársþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015, leggur áherslu á að staðinn verði vörður um Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra sem er ein af grunnstöðum byggðar og menntunar í landshlutanum, bæði í bóknámi og verkgreinum. Vel hefur tekist til við þróun nýrra námsleiða við skólann og mikilvægt að því uppbyggingar- og þróunarstarfi verði haldið áfram og skólanum tryggðar nægar fjárveitingar.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra hefur unnið vel heppnað brautryðjendastarf í uppbyggingu dreifnáms á landsbyggðinni og stendur nú að dreifnámi á þremur stöðum, Blönduósi, Hvammstanga og Hólmavík. Ársþingið leggur áherslu á að tryggðir verði fjármunir til lengri tíma til reksturs og frekari þróunar dreifnáms á þessum stöðum. Dreifnámið hefur sannað gildi sitt svo ekki verður um villst, styrkir byggð, aðgengi að námi og búsetujafnrétti á Ströndum og Norðurlandi vestra.

Þá er starfsemi Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra mikilvægur þáttur í hækkun menntunarstigs á svæðinu og því nauðsynlegt að skólinn fái að taka inn nemendur sem eru eldri en 25 ára.

Hólaskóli-Háskólinn á Hólum

23. ársþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015, undirstrikar mikilvægi Hólaskóla-Háskólans á Hólum fyrir mennta- og þróunarstarf á landsvísu og þá þýðingu sem starfsemi hans hefur fyrir landshlutann. Lögð er áhersla á mikilvægi Hóla í Hjaltadal, Hólaskóla-Háskólans á Hólum og vígslubiskupsembættis Hólastiftis.

Hólar eru eitt elsta sögu-, menningar- og menntasetur þjóðarinnar og starfsemin þar skiptir gríðarmiklu máli fyrir héraðið, landshlutann sem og þjóðina alla.

Háskólinn á Hólum hefur vaxið og dafnað á síðustu áratugum. Hann brautskráir nemendur með starfsmenntagráður, diplómapróf og háskólagráður.

Gæfa og styrkur Hóla í Hjaltadal er sjálfstæði og ábyrgð heimamanna. Bundið er í lögum, bæði fyrir skóla og biskupssetur, að rektor Hólaskóla og vígslubiskup Hólastiftis búi á Hólum. Þessi skipan hefur reynst farsæl og sjálfsögð. Mikilvægt er að standa vörð um núverandi skipan.



HÚSNÆÐISMÁL

Jafnrétti til húsnæðislána

23. ársþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015, kallar eftir aðgerðum til að mæta vaxandi þörf eftir nýju íbúðarhúsnæði í byggðum landsins. Þingið skorar á ríkisstjórnina að fylgja eftir stefnu sinni um endurskipulagningu húsnæðismarkaðarins og tryggja jafnrétti þegna landsins til búsetu.

Íbúðalánasjóður hefur margsannað gildi sitt þegar kemur að lánveitingum til fjárfestinga á landsbyggðinni og er félagslegt hlutverk sjóðsins einnig ríkulegt.

Nú liggja fyrir tillögur um breytta tilhögun húsnæðislána. Þingið leggur áherslu á að höfuðstöðvar nýs húsnæðislánafélags og nýrrar húsnæðisstofnunar verði settar niður á Sauðárkróki.

ANNAÐ

Refa- og minkaveiðar

23. ársþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015, skorar á ríkisvaldið að veita auknu fjármagni til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink. Þingið mótmælir þeirri skerðingu sem boðuð er í fjárlagafrumvarpi 2016. Veiðarnar stuðla að því að unnt sé að meta og draga úr tjóni af völdum refa og minka og tryggja nauðsynlegt jafnvægi í lífríkinu.

Þingið fer fram á endurgreiðslur á virðisaukaskatti til sveitarfélaganna vegna veiðanna, til lækkunar á kostnaði.

Aðkeypt akstursþjónusta

23. ársþing SSNV, haldið á Blönduósi 16. október 2015 leggst alfarið gegn áformum ríkisvaldsins um álagningu virðisaukaskatts á aðkeypta akstursþjónustu frá næstu áramótum. Að óbreyttu mun skattlagningin leggjast á aðkeypta akstursþjónustu, hvort sem um er að ræða, almenningssamgöngur, ferðaþjónustu fyrir fatlað og aldrað fólk og skólaakstur. Engan veginn verður séð að slík niðurstaða hafi verið markmið löggjafans við setningu laga nr. 124/2014, þar er sem skýrt undanþáguákvæði í 1.gr. laganna:

*Almenningssamgöngur, þ.e. fastar ferðir á ákveðinni leið innan lands samkvæmt fyrirframbirtri áætlun, jafnt á landi, í lofti og á legi. Undanþágan nær einnig til skipulagðrar ferðaþjónustu fatlaðs fólks og skipulagðs flutnings skólabarna.
[....]*

Þrátt fyrir undanþáguákvæðið segir í nýbirtri greinargerð starfshóps um endurskoðun reglna um virðisaukaskatt og ferðaþjónustu (sjá bls.15-16):

„Að nokkru leyti er framkvæmdin með þeim hætti að þeir sem starfrækja almenningssamgöngur kaupa akstursþjónustu af þriðja aðila. Slík akstursþjónusta verður virðisaukaskattsskyld frá 1.janúar 2016 og munu þeir sem starfrækja almenningssamgöngur bera virðisaukaskatt af keyptri þjónustu.“

Best færi á því að undanþágan næði til alls aksturs sem fellur undir almenningssamgöngur, óháð því hvort um er að ræða aðkeypta þjónustu eða þjónustu sem sveitarfélag annast sjálft. Ef sú leið er ekki fær er bent á 2.mgr. 42.gr. laga nr. 50/1988 en þar er að finna ákvæði um endurgreiðslu á aðkeyptri þjónustu, s.s. sorphreinsun, ræstingu, snjómokstri o.fl. Ljóst er að málið varðar mikla hagsmuni, því lauslega má áætla að sveitarfélögin, landshlutasamtök sveitarfélaga og fyrirtæki í þeirra eigu kaupi á hverju ári akstursþjónustu sem nemur um 5,0 milljörðum króna.



VIÐAUKI 4 - Fjárhagsáætlun SSNV 2016

TEKIUR	Skýr	Ársreikningur 2014			Fjárhagur 31.08.2015			Áætlun 2015			Áætlun 2016			TEKIUR
		SSNV atvinnuþróun	SSNV	Samtals	SSNV atvinnuþróun	SSNV	Samtals	SSNV atvinnuþróun	SSNV	Samtals	SSNV atvinnuþróun	SSNV sameiginlegt bókhald	Samtals	
Argjöld sveitarfélaga atvinnuþróun(skipt)	1	20.000.000		20.000.000	10.000.000		10.000.000	20.000.000		20.000.000		20.000.000	20.000.000	Argjöld sveitarfélaga atvinnuþróun(skipt)
Argjöld SSNV kr.526 kr pr. íbúa (7299)	2		3.810.870	3.810.870		1.877.031	1.877.031		3.825.360	3.825.360		3.700.000	3.700.000	Argjöld SSNV kr.526 kr pr. íbúa (7299)
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	3		24.538.100	24.538.100		15.742.460	15.742.460		26.000.000	26.000.000		26.000.000	26.000.000	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
Framlag Byggingastofnunar	4	19.222.300		19.222.300	13.128.095		13.128.095	19.200.000		19.200.000		19.200.000	19.200.000	Framlag Byggingastofnunar
Tekjur vegna almenningssamgangna	5		26.533.164	26.533.164		16.134.492	16.134.492		26.500.000	26.500.000		24.500.000	24.500.000	Tekjur vegna almenningssamgangna
Þátttaka atvinnuþróunar í rekrarkostnaði SSNV	6		4.400.000	4.400.000					4.400.000	4.400.000			-	Þátttaka atvinnuþróunar í rekrarkostnaði SSNV
Umsjón fjármála Heilbrigðiseftirlits	7		550.000	550.000		275.000	275.000		550.000	550.000		550.000	550.000	Umsjón fjármála Heilbrigðiseftirlits
Umsjón fjármála Róta	8		1.250.000	1.250.000		625.000	625.000		1.250.000	1.250.000		650.000	650.000	Umsjón fjármála Róta
Umsjón fjármála Menningarráðs	9		550.000	550.000									-	Umsjón fjármála Menningarráðs
Sóknaráætlun Norðurlands vestra			15.472.620	15.472.620		18.575.671	18.575.671		69.337.902	69.337.902		73.337.902	73.337.902	Sóknaráætlun Norðurlands vestra
Ádrar tekjur	10	19.180	13.728	32.908	1.461.581		1.461.581	4.500.000		4.500.000		500.000	500.000	Ádrar tekjur
TEKIUR SAMTALS		39.241.480	77.118.482	116.359.962	24.589.676	53.229.654	77.819.330	43.700.000	131.863.262	175.563.262		168.437.902	168.437.902	TEKIUR SAMTALS
LAUN OG LAUNATENGJ GJÖLD														LAUN OG LAUNATENGJ GJÖLD
Laun framkvæmdastjóra	11		16.641.071	16.641.071		7.565.103	7.565.103		10.500.000	10.500.000		10.000.000	10.000.000	Laun framkvæmdastjóra
Laun starfsmanna	12	23.684.694		23.684.694	19.651.038	1.385.541	21.036.579	36.500.000	2.400.000	38.900.000		31.250.000	31.250.000	Laun starfsmanna
Laun stjórnar	13		5.263.736	5.263.736		2.009.707	2.009.707		3.700.000	3.700.000		3.900.000	3.900.000	Laun stjórnar
Starfslökalaun starfsmanna		5.925.547	900.000	6.825.547									-	Starfslökalaun starfsmanna
Dagpeningar/útgáður kostnaður	14	886.775	1.879.815	2.766.590	516.719	1.041.540	1.558.259	1.000.000	1.700.000	2.700.000		1.750.000	1.750.000	Dagpeningar/útgáður kostnaður
Akstur	15	182.816	2.779.360	2.962.176		530.700	530.700	300.000	1.100.000	1.400.000		1.000.000	1.000.000	Akstur
Móttframlag í lífeyrissjóð	16	2.497.814	1.909.890	4.407.676	2.041.881	907.847	2.949.728	3.650.000	1.660.000	5.310.000		4.515.000	4.515.000	Móttframlag í lífeyrissjóð
Tryggingagjöld	17	2.008.098	2.086.695	4.094.793	1.624.796	928.684	2.553.480	2.829.920	1.361.130	4.191.050		3.724.875	3.724.875	Tryggingagjöld
Móttframlag í stéttarfélagsgjöld	18	574.606	314.120	888.726	482.743	55.897	538.640	1.095.000	498.000	1.593.000		1.128.750	1.128.750	Móttframlag í stéttarfélagsgjöld
Annað v/starfsfólks	19	29.553	21.600	51.153	151.100	60.653	211.753	75.000	50.000	125.000		200.000	200.000	Annað v/starfsfólks
LAUN OG LAUNATENGJ GJÖLD SAMTALS		35.789.903	31.796.276	67.586.179	24.468.277	14.485.672	38.953.949	45.449.920	22.969.130	68.419.050		57.468.625	57.468.625	LAUN OG LAUNATENGJ GJÖLD SAMTALS
STJÓRNUNARKOSTNAÐUR														STJÓRNUNARKOSTNAÐUR
Rekstur tölvakerfis	20	92.555	281.887	374.442	36.298	119.841	156.139	300.000	900.000	1.200.000		400.000	400.000	Rekstur tölvakerfis
Rekstur tölvakerfis/tölvubúnaður	21	385.323	436.388	821.711	85.824	557.323	643.147	500.000	300.000	800.000		600.000	600.000	Rekstur tölvakerfis/tölvubúnaður
Netþjónusta	22	29.929	1.787.219	1.817.148	4.954	1.158.019	1.162.973	50.000	1.800.000	1.850.000		1.400.000	1.400.000	Netþjónusta
Bækur,tímarit og blöð	23	7.200	32.949	40.149		25.898	25.898	20.000	80.000	100.000		50.000	50.000	Bækur,tímarit og blöð
Ríttföng, pappír og bréfabindi	24	151.871	290.373	442.244	5.056	66.767	71.823	25.000	60.000	85.000		200.000	200.000	Ríttföng, pappír og bréfabindi
Þrentun og ljósrítun	25		1.504.907	1.504.907		112.948	112.948	50.000	250.000	300.000		180.000	180.000	Þrentun og ljósrítun
Sími	26	723.822	778.879	1.502.701	947.112	794.865	1.741.977	710.000	800.000	1.510.000		1.500.000	1.500.000	Sími
Póstburðargjöld	27		90.779	90.779		81.761	81.761	10.000	130.000	140.000		125.000	125.000	Póstburðargjöld
Heimasíða	28		27.000	27.000		6.230	6.230		350.000	350.000		200.000	200.000	Heimasíða
Auglýsingar	29	732.623	706.557	1.439.180	393.599	494.975	888.574	300.000	500.000	800.000		750.000	750.000	Auglýsingar
Flutningskostnaður	30	16.723	4.082	20.805	4.923	4.361	9.284	25.000	15.000	40.000		30.000	30.000	Flutningskostnaður
Kostnaður v/ársþings			665.686	665.686								800.000	800.000	Kostnaður v/ársþings
Fundarkostnaður	31	98.310	954.216	1.052.526	35.100	504.829	539.929	70.000	875.000	945.000		650.000	650.000	Fundarkostnaður
Fargjöld og dvalarkostnaður	32	63.935	366.419	430.354	72.335	336.591	408.926	500.000	700.000	1.200.000		500.000	500.000	Fargjöld og dvalarkostnaður
Bilaleigukostnaður	33	186.450	41.755	228.205	443.356	51.802	495.158	1.100.000	60.000	1.160.000		300.000	300.000	Bilaleigukostnaður
Ráðstefnur og námskeið	34	67.140	152.336	219.476	24.900	118.084	142.984		500.000	500.000		300.000	300.000	Ráðstefnur og námskeið
Bókhaldsaðstoð														Bókhaldsaðstoð
Endurskoðun	35	512.675	1.091.400	1.604.075	230.175	897.525	1.127.700	250.000	250.000	500.000		500.000	500.000	Endurskoðun
Húsaleiga	36	395.800	1.248.601	1.644.401	421.201	1.101.706	1.522.907		1.650.000	1.650.000		1.650.000	1.650.000	Húsaleiga
Víðhald skrifstofubúnaður	37		153.008	153.008	142.608	43.163	185.771	100.000	150.000	250.000		200.000	200.000	Víðhald skrifstofubúnaður
Ábyrgðartryggingar	38		165.794	165.794		171.176	171.176		180.000	180.000		200.000	200.000	Ábyrgðartryggingar
Gjafir og styrkir	39	7.495	299.735	307.230		82.543	82.543	20.000	100.000	120.000		200.000	200.000	Gjafir og styrkir
Hússjóður- ræsting of.l	40	176.531	402.057	578.588	157.437	301.696	459.133	110.000	350.000	460.000		600.000	600.000	Hússjóður- ræsting of.l
Adkeypt sérfræðþjónusta	41	747.320	3.091.174	3.838.494		383.990	383.990	220.000	600.000	820.000		600.000	600.000	Adkeypt sérfræðþjónusta
Rekstur bifreiðar	42	340.588	1.905.776	2.246.364	1.360.050	1.042.957	2.403.007		2.300.000	2.300.000		3.000.000	3.000.000	Rekstur bifreiðar
Kostnaður v/verkefnis sóknaráætlun	43		8.850.000	8.850.000		30.039.824	30.039.824		61.918.902	61.918.902		70.000.000	70.000.000	Sóknaráætlun, styrkir, áhersluverkefni
Kostnaður v/verkefnis		1.026.759	1.853.289	2.880.048	105.664		105.664		25.000.000	25.000.000		25.000.000	25.000.000	Markaðs- og kynningarmál sbr. tillögu frá ársþingi 2014
Ýmis kostnaður	44		131.905	131.905		7.958	102.090	200.000	150.000	350.000		804.277	804.277	Öfyrirséð
Kostnaður vegna almenningssamgangna	45		21.779.059	21.779.059		14.396.782	14.396.782		24.700.000	24.700.000		24.500.000	24.500.000	Kostnaður vegna almenningssamgangna
Aðildargjöld til Markaðsstofu Norðurlands	46		3.629.375	3.629.375		2.716.875	2.716.875		3.622.500	3.622.500		3.700.000	3.700.000	Aðildargjöld til Markaðsstofu Norðurlands
Hlutur rekrarkostn.SSNV	47	4.400.000		4.400.000				4.400.000		4.400.000				Hlutur rekrarkostn.SSNV
STJÓRNUNARKOSTNAÐUR SAMTALS		10.163.049	52.722.605	62.885.654	4.478.550	55.706.663	60.185.213	8.960.000	128.291.402	137.251.402		138.939.277	138.939.277	STJÓRNUNARKOSTNAÐUR SAMTALS
Samtals launa og stjórnumarkostnaður		45.952.952	84.518.881	130.471.833	28.946.827	70.192.335	99.139.162	54.409.920	151.260.532	205.670.452		196.407.902	196.407.902	Samtals launa og stjórnumarkostnaður
Fjármunatekjur og -gjöld														Fjármunatekjur og -gjöld
Vaxtatekjur		1.681.544	2.153.946	3.835.490	17.978	146.282	164.260	1.500.000	2.400.000	3.900.000		3.900.000	3.900.000	Vaxtatekjur
Fjármagnstekjuskattur		336.306	429.705	766.011		3.001	6.595	280.000	480.000	760.000		780.000	780.000	Fjármagnstekjuskattur
Vaxtagjöld		132.465	100.359	232.824	22.534	25.209	47.743	50.000	80.000	130.000		150.000	150.000	Vaxtagjöld
Samtals		1.212.773	1.623.882	4.834.325	-	8.150	118.072	1.170.000	1.840.000	3.010.000		2.970.000	2.970.000	Samtals
Niðurstaða ársins.		- 5.498.699	- 5.776.517	- 9.277.546	- 4.365.301	- 16.844.609	- 21.209.910	- 9.539.920	- 17.557.270	- 27.097.190		- 25.000.000	- 25.000.000	Niðurstaða ársins.